

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Sunnuás

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

- **Um starfsáætlanir leikskóla**

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, skóladagatal birt og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:



**Að í Sunnuás ríki virðing fyrir einstaklingnum og umhverfinu,
sjálfræði, sköpun og leikgleði**



- **Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári**

Það ríkti eftirvænting í starfsmannahópi Sunnuáss á vormánuðum 2017. Nýir starfsmenn höfðu bæst í hópinn og einnig komu til starfa á ný nokkrir sem höfðu starfað áður í leikskólanum. Garðurinn skartaði líflegum blómum og matjurtum sem börnin höfðu sáð fyrir. Framkvæmdir voru hafnar vegna tilkomu tveggja smábarnadeilda sem opnuðu á haustmánuðum. Horft var til þessarar nýjungar sem áskorun og samstarf deildanna var innsiglað. Ráðgjafi vegna starfs með yngstu börnin kom og fræddi starfsfólkið og hvatti það við undirbúninginn. Verkefni eins og myndrænt skipulag með samræmdu útliti á öllum deildum leit dagsins ljós. Búningargerð fyrir öskudag fékk lengri tíma í starfsáætlun og hvert barn tækifæri til að vinna verkefni á sínum hraða. Í síbreytilegu samfélagi tækifæra og atvinnumöguleika sem Reykjavík er, var lífið ævintýri líkast og hluti þeirra starfsmanna sem starfaði hér söðlaði um og fór á haustdögum í nám og önnur störf. Aðrir fóru í veikindaleyfi í lengri og



skemmri tíma þannig að skerða þurfti þjónustu frá því í október fram til áramóta, þannig að ein deild var heima hvern dag. Skerðingin reyndi á allt samfélag leikskólans, börn, foreldra og allt starfsfólk. Það hefur verið ómetanlegur þá skilningur og stuðningur sem foreldrar hafa veitt starfsfólki og stjórnendum leikskólans á þessum erfiða tíma.

Jólaverkstæðið er einn af föstu viðburðum leikskólans í foreldrasamstarfi og yfir 90% foreldra og/eða aðrir ættingjar taka þátt. Það var því ósk kennara að fjölga verkstæðisdögum þannig að börn og foreldrar gætu mætt á þeim degi sem þeirra deild var lokuð. Þessi ákvörðun sýndi faglegan sveigjanleika kennara.

Það var sérstaklega ánægjulegt að leikskólinn hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs fyrir öskudagsbúningargerð. Búningargerðin er í stöðugri þróun ár frá ári og blikði í augun barnanna við verkefnið segja meira en mörg orð.


Allt starfsfólk lagði sig fram um að halda sjó eftir að skerðingu á þjónustu lauk þrátt fyrir veikindi um lengri tíma bæði eins deildarstjóra og leikskólastjóra. Þau eru frábær.

Í þessari starfsáætlun kemur fram metnaður deildarstjóra og allra kennara um áframhaldandi þróun starfsins í anda stefnu og fræða. Virðing fyrir starfinu og skapandi gleði einkenna starfsmannahópinn, þrátt fyrir að það eru tvær deildir lokaðar ennþá. Það ber er að þakka það æðruleysi sem foreldrar sem enn bíða þess að börn þeirra komist í leikskólans hafa sýnt og er það von okkar og trú að senn rætist úr. Fyrir mig sem leikskólastjóra eru það forréttindi að vinna hér með þessum starfsmannahópi og stuðla af auðmýkt að góðu starfsumhverfi, börnum og fullorðnum til góða.



- **Um innra mat í leikskólum**

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**



Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli

þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.

Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

Helstu matsaðferðir Sunnuáss eru spurningalistar sem eru lagðir fyrir starfsmannahópinn hvort sem er einstaklings svörun og eða svörun í hópum. Rafrænar kannanir lagðar fyrir foreldrar, myndaspurningar og umræður í barnahópnum. Þetta er gert meðal annars á deildafundum, skipulagdögum, í starfi með börnunum og spurningalistar sendir til foreldra.

Helstu niðurstöður sem starfsmannahópur leikskólans vill leggja höfuðáherslu á út frá niðurstöðum endurmats á starfi síðasta skólaárs eru:



Matsáætlun 2018-2019

1. Umherfismennt og útikennsla

1.a. Endurvinnsla

Umbótaþættir

Endurvinnsla

Markmið með umbótum

Í leikskólanum er lögð áhersla á flokkun á lífrænu og ólífrænu sorpi. Flokkunin á sér stað inni á öllum deildum, eldhúsi og starfsmannarými. Í leikskólanum er búin til molta og á hverri deild er safntunna sem nefnist Moldvarpan. Í hana fer eingöngu ávaxtahýði, grænmeti og brauðafgangar sem síðan er sett í moltutunnuna. Þegar farið er með innihald Moldvörpunnar í tunnuna eru börnin höfð með. Þar gefst þeim tækifæri til að fylgjast með hvernig matarafgangar breytast í mold/moltu. Með flokkun læra börnin að bera ábyrgð á öllum þeim úrgangi sem frá okkur kemur.

Aðgerðir til umbóta

Halda áfram að flokka inn á deildum lífrænt og ólífrænt sorpi. Farið verður reglulega með börnin í grenndargám í hverfinu.

Tímaáætlun

október – maí

Ábyrgðaraðill

Deildastjóri hverrar deildar

Endurmat; hvenær og hvernig

Endurmat mun fara fram á deildarfundum.

Viðmið um árangur

Að 90% barnanna þekki moldvörpuna og hvar hún er losuð á lóð leikskólans



1.b. Útikennsla

Umbótapættir

Útikennsla

Markmið með umbótum

Útikennsla eykur samvinnu og styrkir félagstengsl barnanna. Í útikennslu kynnumst við og gerum börnin meðvitaðri um sitt nærumhverfi. Ákveða fyrirfram markmið útikennslunnar þann dag. Börnin eiga svo að tjá sig um sína upplifun af útikennslunni og kennari gerir svo skráningu út frá upplifun þeirra.

Aðgerðir til umbóta

Deildastjóri skal útbúa skipulag varðandi útikennslu þar sem fram kemur hvert verði farið ásamt því að taka fram viðfangsefni og markmið. Gera skal skipulag fyrir haust 2018 og vor 2019.

Tímaáætlun

október – maí

Ábyrgðaraðill

Deildastjórar

Endurmat; hvenær og hvernig

Endurmat mun fara fram á fyrsta deildafundi hvers mánaðar. Starfsmenn deildarinnar munu þar meta hvort viðmiðum um árangur hafi náðst.

Grænt ljós: Ef farið var í útikennslu, hvort umræða var í barnahópnum og skráning gerð um upplifun þeirra af útikennslunni.

Gult ljós: Ef farið var í útikennslu en ekki var unnið meira með hana.

Rautt ljós: Ekki farið.

Viðmið um árangur

Ef Grænt ljós nær 80% eða yfir



1.c. Ræktun

Umbótaþættir

Auka ræktun á ýmis konar jurtum.

Markmið með umbótum

Sameiginleg ræktun á bæði matjurtum og skrautjurtum og að hlúa að nýju lífi eykur samvinnu og styrkir félagstengsl barnanna.

Aðgerð til umbóta

Að börn og starfsfólk hafi gott aðgengi að fræjum og gróðurmold þannig að unnt verði að mæta áhugahvöt barnanna og virkja öll þau tækifæri sem koma. Gera tilraunir með að setja niður ávaxtasteina með börnunum.

Tímaáætlun

Ávaxtasteinar og fræ allt skólaárið, haustlaukar að hausti, sumarblóm og grænmetisfræ febrúar – mars “19

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjórar

Endurmat; hvenær og hvernig

Að vori og hausti, með ljósmyndaskráningu sem börnin meta útfrá, spurningalistar lagðir fyrir starfsmenn.

Viðmið um árangur

Að 90% barnanna fari heim með einhvers konar plöntu að vori

Að allar deildir gróðursetji plöntur eða grænmeti á leikskólalóðinni



2. Einkunnarorð leikskólans: Virðing, sköpun, gleði

Umbótaþættir

Að einkunnarorð Sunnuáss verði lifandi í umhverfi leikskólans.

Markmið með umbótum

Gera einkunnarorð Sunnuáss sýnilegri í umhverfi leikskólans. Að börn og starfsfólk tileinki sér einkunnarorðinn í öllu starfi, Svo sem framkomu, samskiptum, hugtakanotkun í leik og starfi.

Aðgerð til umbóta

Bera virðingu hvert fyrir öðru.

Hvernig við komum fram við börn og starfsmenn í orðum og látbragði.

Velja og vinna með orð, hugtök og orðatiltæki sem tengjast **virðing, gleði og sköpun**

Tímaáætlun

Frá október-maí

Ábyrgðaraðili

Stjórnendateymi leikskólans

Endurmat; hvenær og hvernig

Deildarfundir með umræðum, hópavinna á skipulagsdögum.

Viðmið um árangur

Börn og starfsmenn þekki einkunnarorð Sunnuáss.





• Barnhóll

Á Barnhóli voru 9 börn í yngsta aldurshóp eða börn fædd 2016.

Strax á haustdögum fór deildarstjóri Barnhóls í veikindaleyfi og starfsmaður deildar tók að sér deildarumsjón eftir það. Samstarf var með Dyngju, hinni smábarnadeildinni og Barnhóls við undirbúning og innihald starfsins. Keyptur var búnaður í samræmi við aldur barnanna og hluti garðsins girtur af fyrir yngri börnin. Barnhóll og Dyngja höfðu samræmda námskrá og hófst aðlögun í lok ágúst og var það þátttökuaðlögun. Útivera var á sama tíma og hjá hinum deildunum á yngri gangi, þ.e. Dyngju og Álfabrekku. Til að byrja með fór útivera og útikennsla fram innan þessa litla garðs og fóru börnin í gönguferðir utan garðsins þegar leið að vori. Lögð var áhersla á að börnin borðuðu sjálf með hnífapaðrum og smyrja brauðið. Þau skiptust á að vera þjónar og taka þátt í öðrum daglegum störfum. Lögð var áhersla á málörvun með söngvum, að koma orðum á hluti og athafnir og hafa stafrófið uppi á veggjum í hæð barnanna. Sem liður í málörvun var einnig unnið með bókina „Lubbi finnur málbein“. Lögð var áhersla á opin og óþvinguð samskipti við foreldra. Í skapandi starfi var unnið með efnivið eins og heimagerðan leir og þekjuliti og eftir áramót sköpuðu börnin sína eigin öskudagsbúninga. Gott aðgengi er að hreyfirými á yngri deildum þar sem börn fengu tækifæri til að leika með svampkubba og vera á hjólum. Eftir áramótið var boðið upp á könnunarleikinn.

Deildin hefur verið lokuð á þessu leikskólaári þar sem af er vegna faliðunar í starfsmannahópnum og voru starfsmenn hennar fluttir ásamt börnunum á eldri deildir. Vonir standa til að á nýju ári rætist úr og muni þá deildin starfa etir þeim markmiðum sem sett voru í starfinu á smábarnadeildum.

• Dyngja

Yfir höfuð gekk frekar vel hjá okkur á Dyngju. Aðlögun að hausti gekk vel en það er þátttökuaðlögun. Framan af var meira verið að leyfa börnunum að aðlagast vel, kynnast starfsfólkinu og umhverfinu. Skipulagt starf riðlaðist töluvert vegna faliðunar og var farið út í það að loka deildum á sjö daga fresti og fór þá starfsfólkið á aðrar deildir. Við vorum með skapandi starf og frjálsa leiknum var gefið mikið rými. Börnunum var skipt upp í litla hóp og lögð áhersla á skipulagt starf í fyrripartar dags ,inni sem úti.

Dyngjunni var breytt í smábarnadeild haustið 2017. Ætlunin er að þar séu allt að 16 börn þegar hún er fullmönnuð. Haustið 2017 byrjuðu hjá okkur 14 börn sem þá voru fædd í janúar og fram í júní 2016. Þegar tekið eru inn svona ung börn eru þau mikið í fangi og mikilvægt að vera sem mest með þeim á gólfinu.

Við erum með ávaxtastund um kl 9:30 og börnin fara í útiveru eftir ávaxtastundina, upp úr kl 10:30 fara börn og starfsmenn að tínast inn. Eftir útveru er samverustund þar sem við syngjum saman og

eða lesum saman bækur, á meðan samvera er börnunum boðið á salernið. Til að byrja með var hádegisverður um kl 11 þar sem börnin voru orðin þreytt og svöng. Þegar liðið nokkuð á vetur og börnin voru orðin úthalds meiri seinkuðum við matartímanum til kl 11:15, eftir matmálstímann var hvíldar tími fyrir börnin .

Búnaður

Breytingar á aðbúnaði deildarinnar var í samræmi aldur barnanna þ.e.a.s yngri börn.

Útileiksvæðið var afmarkað fyrir yngstu börnin sem veitir þeim öryggi þar sem leikskólalóðin er mjög stór. Þetta er mjög gott og auðveldar góða yfirsýn. Á svæðinu er stór og góður sandkassi . Við erum með leikfangaeldhús sem er mjög vinsælt hjá börnunum. Einnig erum við með ungbarnarólur.

Aðlögun

Í Sunnuási er þátttökuaðlögun. Foreldrarnir fylgja börnunum sínum í þrjá daga og taka þátt í öllu starfi deildarinnar þessa daga. Á fjórða degi koma foreldrarnir með börnin og kveðja þau, það fer síðan eftir hverju barni hversu langur fyrsti dagur eftir aðlögun verður. Oft er aðlögunin erfiðari fyrir foreldra en börnin og því gefur þátttökuaðlögunin foreldrum gott tækifæri til að kynnst leikskólanum, starfsfólkinu, öðrum foreldrum og börnum betur.

Fataherbergi

Það fara 4 börn inn í fataherbergið í byrjun og eru hvött til að reyna að klæða sig sjálf en þau fá alla þá aðstoð sem þau þarfnast til að komast í útifötin. Við förum líka með útifatnað barnanna inn á deild og klæðum þar. Fyrsti starfsmaðurinn fer svo út með börnin þegar 4-5 börn eru tilbúin. Þetta gefur þeim tíma til að reyna sjálfum. Við setjum orð á fötin svo það er líka málörvun í leiðinni. Þegar börnin koma inn eru þau hvött til að byrja að renna niður sjálf og hjálpa sér aðeins sjálf.

Útivera

Farið er út á hverjum degi en að sjálfsögðu er ávallt fyllsta öryggis gætt s.b.r hálka, mikið frost, sterkur vindur. Markmið útíverunnar er fyrst og fremst hreyfingin auk þess fá þau tækifæri til að kynnst nánasta umhverfi sínu og náttúrunni, sandi, mold, fuglum eins og til dæmis krumma sem þau eru fljót að þekkja. Við setjum niður kartöflur á vorin og ræktum blóm úr fræjum sem við gróðursetjum svo úti á vorin. Börnin eru líka að læra að fóta sig úti í stígvélum og kuldaskóm þar sem þau eru alltaf einhver sem nota slíkan útifatnað í fyrsta skipti í leikskólanum.

Útikennsla

Fyrst á haustin er útikennsla fyrir okkar aldur hér í garðinum okkar þar sem þau læra að fóta sig á grasi og ganga úti. Þegar líður á veturinn þá förum við að æfa okkur í að fara í stóra garðinn og í gönguferð um hann og fylgja reglum. Þegar veður fór að lagast þá förum við að fara út fyrir garðinn og í lengri gönguferðir. Börnin æfa sig í að fara eftir reglum og leiða hvort annað. Þetta gekk vel og viljum við halda útikennslu áfram á þessari braut.

Hádegismatur

Matartíminn er róleg stund þar sem hvert barn á sitt sæti við sitt borð. Það er alltaf sami starfsmaðurinn sem er með matarborðið. Þetta er róleg stund þar sem börnin fá tíma til sjálfshjálpar. Flest börnin voru með stútkönnur í byrjun en þegar leið á veturinn þá voru allir farnir að drekka út glasi, nema allra yngsta barnið sem fætt var í febrúar 2017. Börnin fengu að skammta sér sjálf morgunmat og í hádeginu notuðu þau hníf og gaffal. Í kaffinu voru þau farin að smyrja sjálf. Mörg barnanna kunnu ekki að nota áhöld í byrjun og voru bara með fingur og sum hjálpuðu sér ekki neitt sjálf. Við viljum því nota fyrri part vetrar til að leggja inn hjá þeim sjálfshjálp þ.e að nota gaffal, skeið, hníf og glas. Að hjálpa sér sjálf með hvatningu og kennslu til að nota áhöld en ekki hendur. Þegar börnin voru orðin örugg og farin að þekkja hvernig dagurinn gekk þá vorum við líka með þjón vikunnar sem fór með okkur í eldhús að sækja matinn. Við megum vera duglegri að leyfa þjónunum að leggja á borð með okkur. Börnin ganga líka frá diskunum sínum á matarvagninn þegar þau eru búin að borða. Flest eru þau að gera þetta í fyrsta sinn.

Samverustund

Samverustund er alltaf fyrir hádegi þegar við komum inn úr útiveru. Þar er ýmist lesið, sungið eða við æfum okkur í litunum, eða hvað líkamshlutarnir á okkur heita. Mikið er sungið á Dyngju sem er nauðsynlegt fyrir málörvun og notum við mikið tákni þegar við syngjum með börnunum.

Við erum ekki með skipulagðar málörvunarstundir. Við leggjum orð á allt og erum með stafrófið upp á vegg. Við syngjum mikið upp úr bókinni „Lubbi finnur málbein“.

Samskipti

Við upplifum góð samskipti við foreldra og börn sem er grundvöllur fyrir góðu samstarfi. Ef börnunum líður vel hjá okkur þá líður foreldrunum líka vel.

Lýðræði

Við framfylgjum þörfum allra barna á deildinni og gefum þeim tækifæri til að virkja hæfileika sína og taka þátt í starfi og leik.

Listasmiðja

Við upphaf leikskóladvalar barnanna fór listsköpun fram að mestu inni á deild. Eftir áramót fórum við með litla hópinn inn í listasmiðju. Vilji er til að haga þessu eins næsta leikskólaári.

Hreyfirými

Eftir áramót fengum við stóra svampkubba sem eru mismundandi í laginu og fóru litlir hópar þangað inn og gekk vel. Börnin voru ótrúlega dugleg að byggja úr kubbunum.

Búningagerð

Eftir áramót var farið í búningavinnu fyrir öskudaginn. Vinna að þeim fór að mestu fram inni á deild og gekk mjög vel. Fór búningagerð að mestu fram með því að hefta og lím. Börnin voru mjög ánægð með búningana sína.

Könnunarleikur

Könnunarleikur er leikur þar sem börnin fá verðlaust efni til að leika sér með. Hlutverk starfsmannsins er ekki að vera þátttakandi heldur að fylgjast með og skrá. Leikurinn féll of mikið niður fyrir áramót.

Eftir áramót var farið með hópinn í könnunarleikinn og gekk það vel. Stefnt er að því að halda því starfi áfram.

Umbótaþættir

Útikennsla

Markmið með umbótum

Fara oftast í útikennslu út fyrir garðinn

Aðgerðir til umbóta

Hafa það á dagsskipulagi

Tímaáætlun

Eftir áramót

Ábyrgðaraðili

Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Með ljósmyndum, skráningu og á deildarfundum

Í desember og apríl

Viðmið um árangur

Að börnin geti gengið upp í holtið, efst á Dyngjuvegi

Sjálfshjálp

Markmið með umbótum

Að börnin noti hnífapör glas og hjálpi sér sjálf

Aðgerðir til umbóta

Við borð, fataherbergi og í öllu starfi inni á deild

Tímaáætlun

Haust 2018-
vors 2019

Ábyrgðaraðill

Deildarstjóri

Endurmat; hvenær og hvernig

Með ljósmyndum, skráningu og á deildarfundum.

Í desember og apríl

Viðmið um árangur

Farin að nota gaffal og skeið og smyrja brauð með hníf.

Geti klætt sig í regnbuxur, sokka og stígvél að mestu leyti sjálf.

Samskipti

Markmið með umbótum

Kenna börnunum samskipti við önnur börn og fullorðna

Aðgerðir til umbóta

Í leik og starfi

Tímaáætlun

Allt leikskólaárið

Ábyrgðaraðili

Starfsfólk deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Með ljósmyndum, skráningu og á deildarfundum.

Í desember og apríl

Viðmið um árangur

Að þau eigi eðlileg og aldurssamsvarandi samskipti við önnur börn og fullorðna. Í lok leikskólaárs

• Álfabrekka

Á Álfabrekku voru 18 börn fædd síðari hluta ársins 2015.

Eins og á smábarnadeildunum einkenndist starfið af aldri barnanna. Unnið var með samskipti, sjálfshjálp og könnunarleikinn og mikið var unnið með sköpun og tónlist.

Á sumarmánuðum lét deildarstjóri af störfum og aðrir starfsmenn nema einn hættu störfum. Deildin hefur verið lokuð á þessu leikskólaári þar sem af er vegna fáliðunar í starfsmannahópnum og voru starfsmenn hennar fluttir ásamt börnunum á eldri deildir ásamt eina starfsmanninum sem eftir var.. Vonast er til að í desember verði börnin sem bíða enn eftir að byrja á deildinni og eru búin að fá loforð um vistun komist að í janúar. Ráðinn hefur verið deildarstjóri frá áramótum. Áætlað er að taka á móti fyrstu börnunum á deildina í nóvember/desember.

Áætlun um starfið verður í samræmi við starfið á Langholti sem er með börn fædd sama ár.

- **Ás**

Leikskólaárið 2017-2018 var ekki eins og best var á kosið á Ási, en þar voru börn fædd 2013 og 2014. Mikil faliðun einkenndi veturinn og deildu stjórnendur með sér deildarumsjón frameftir vetri þar til leikskólakennari var ráðin sem deildarstjóri þann 1. febrúar 2018.

Nýr deildarstjóri lagði áherslu á að kynnast börnunum og vinna með frjálsa sköpun þeirra, svo sem búningagerð. Börnin höfðu hin ýmsu hlutverk í daglegu starfi. Sem dæmi má nefna þjónar og veðurfræðingar. Unnið var með myndrænt skipulag þannig að dagskrá sérhvers árgangs væri sýnileg bæði þeim og foreldrum.

Þessi barnahópur fluttist á elstu deildina Hlíðarenda í lok ágúst, ásamt eldri börnum af Langasandi Þetta leikskólaár eru 16 börn á Ási, fædd 2015, sem fluttust þangað af yngri af deildum leikskólans. Haustið ætlum við að nota í að kynnast hvert öðru, rækta vináttu og æfa sig í sjálfstjórn. Við grípum tækifæri sem upp koma og förum í stuttar og lengri ferðir gangandi og í strætó. Við vinnum að umhverfismennt í samræmi við markmið þar um. Okkur hefur gengið einstaklega vel að vinna öll saman, á deildinni bæði börn og fullorðnir.

Markmið vetrarins er að börnin verði sjálfstæð og viljum við vinna með virðingu og efla sjálfræði barnanna, að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Leiðir börnin hjálpi sér sjálf, klæði sig í og úr og gangi frá fötum sínum. Að þau aðstoði hvert annað við það sem þau þurfa aðstoð við og læri að biðja um hjálp. Frjálsi leikurinn er mikilvægur og gefum við honum mikið rými, börnin flæða um deildina bæði í leik og starfi. Börnin skammti sér sjálf við matarborðið og rétti hvert öðru það sem þau vantar hverju sinni.

Umbótapættir:

Sjálfshjálp

Markmið með umbótum

Auka sjálfræði barnanna

Aðgerðir til umbóta

Hjálpa börnunum að hjálpa sér sjálf

Tímaáætlun

Tímabilið frá október til maí 2019

Ábyrgðaraðili

Allir starfsmenn deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Yfir allt skólaárið, á mánaðarlegum deildarfundum

Viðmið um árangur

Að börnin geti hjálpað sér sjálf og/eða beðið um aðstoð. T.d. við matarborð og klætt.

Skráning myndræn og skrifleg tekin saman í lok skólaárs. Sjálfstjórn 100%

Sjálfsstjórn

Markmið með umbótum

Börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Aðgerðir til umbóta

Hjálpa börnunum að koma athöfnum í orð. Börnin tjái tilfinningar sínar – gleði og sorg

Tímaáætlun

Skólaárið 2018-2019

Ábyrgðaraðili

Starfsmenn deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Allt skólaárið – einu sinni í mánuði á deildarfundum

Viðmið um árangur

Börnin geti látið aðra vita um hvað þau vilji eða vilji ekki

Skráning tekin saman í lok skólaárs, myndræn og skrifleg skráning.

• Langholt

Á Langholti tók við nýr deildarstjóri í september síðastliðnum, en þar á undan var deildin án deildarstjóra frá 1.janúar. En á deildinni voru starfsmenn sem voru búnir að vera lengi við störf í Sunnuási en létu af störfum nú í sumar.

Þau börn sem voru á Langholti síðastliðinn vetur færðust á milli deilda í lok ágúst og ný börn byrjuðu í þeirra stað.

Hefur því starfið á Langholti nú í haust gengið út á aðlögun barna og að móta deildina eftir þörfum barnahópsins.

Lagt verður því upp úr neðangreindum umbótaþáttum:

Umbótaþættir:

Samskipti

Markmið með umbótum

Að bæta samskipti barnanna við hvort annað.

Aðgerðir til umbóta

Með því að grípa inn í árekstra og aðstoða börnin við að tjá sig og skilja hvort annað.

Tímaáætlun

Október, vinna mikið með það, halda áfram í sama fari út veturinn

Ábyrgðaraðili

Allir starfsmenn deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Yfir allt skólaárið. Með því að fylgjast með börnunum í leik og athuga hvort að þau geti unnið sjálf úr ágreiningi.

Viðmið um árangur

Að börnin eigi eðlileg og aldurssamsvarandi samskipti.

Sjálfræði barnanna

Markmið með umbótum

Auka sjálfræði barna við matarborðið

Aðgerðir til umbóta

Skapa þær kringumstæður þar sem börnin eiga auðveldara með að hjálpa/athafna sig sjálf við matarborðið

Tímaáætlun

Yfir allt skólaárið

Ábyrgðaraðili

Allir starfsmenn deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Fylgjast jafnt og þétt með öllum börnunum hvort þau geti hjálpað sér sjálf

Viðmið um árangur

Að öll börnin á deildinni geti hjálpað sér sjálf við sem flest í matmálistímum í lok skólaársins.

Útikennsla

Markmið með umbótum

Að fara reglulega í útikennslu og hópastarf.

Aðgerðir til umbóta

Setja niður í dagskipulagi hvenær á að fara í hópastarf/útikennslu. Skipta börnunum niður í hópa og reyna eftir fremsta megni að halda skipulagið ef upp koma forföll hjá starfsmönnum deildarinnar.

Tímaáætlun

Yfir allt skólaárið

Ábyrgðaraðili

Deildarstjóri

Endurmat; hvenær og hvernig

Halda skrá yfir hvenær farið er í hópastarf og útikennslu og ræða um það á deildarfundum ef eitthvað fellur niður.

Viðmið um árangur

Að börnin fari í útikennslu a.m.k. einu sinni í viku og hópastarf einu sinni í viku.





- **Langisandur**

Skólaárið 2017-2018 var nokkuð krefjandi Langasandi eins og á öðrum deildum leikskólans. Stöðuleiki ríkti þó í starfsmannahaldi og náðum við því að viðhalda stöðugu starfi á deildinni. Dagskipulagið var samansett af deildarvali, hópastarfi, útikennslu, samveru og frjálsum leik. Ekki náðist að fara í hverri viku í útikennslu og því miður var umhverfismenntin í baksætinu vegna aðstæðna í leikskólanum og annarra verkefna. Langisandur ásamt tveimur öðrum deildum sameinuðu barnahópa í útikennslu eftir aldri og markmiðið með því var að einn kennari frá hverri deild færi í útikennslu. Það markið stóðst ekki meðal annars vegna faliðunar. Ef það vantaði starfsmann á eina deild hafði einnig áhrif á hinar deildarnar. Ekki var farið nægilega oft með pappír og plast í endurvinnslu en samt náðist að flokka og endurnýta efnivið inn á deild.

Unnið var með skapandi starf allt árið í formi búningagerðar, sögugerðar, leikrænar tjáningar og frjálsar sköpunar í listasmiðju.

Ákveðið var af starfsmönnum deildarinnar að meta umhverfismennt/útikennslu, málörvun og hvernig er unnið með lýðræði á deildinni starfsárið 2018-2019.

Í námskrá Leikskólans er lögð áhersla á umhverfismennt og útikennslu og áætlað er að hver deild fari að minnsta kosti einu sinni í viku í útikennslu.

Samkvæmt mati barna haustið 2017 upplifðu börnin sig ekki vinna á lýðræðislegan hátt. Samkvæmt Aðalnámskrá og námskrá leikskólans er mikil áhersla lögð á að börn upplifi að á þau sé hlustað og skoðanir þeirra séu virtar. Sú aðgerð til umbóta sem við gerðum var að hafa frjálst sætaval í matartímum, börnin ráða hvar þau sitja og hjá hverjum. Ákveðið var að halda áfram með frjálst sætaval starfsárið 2018-2019. Einnig var nýtt hlutverk búið til og gefst nú börnunum tækifæri að vera aðstoðarkennarar að lágmarki einu sinni á skólaárinu. Hlutverk aðstoðarkennarans er meðal annars að ákveða hvað er í boði í deildarvali.

Umbótaþættir

Lýðræði

Markmið með umbótum

Kenna lýðræðislega hugsun og að börnin upplifi sig örugg, virt, frjáls og upplýst.

Aðgerðir til umbóta

Kynna börnunum barnasáttmálann. Fá sýn barnanna á lýðræði og vinna með börnunum verkefni sem er unnið á lýðræðislegan hátt. Aðstoðarkennarar ákveða valsvæði vikunnar.

Tímaáætlun

október – maí

Ábyrgðaraðili

Deildastjóri

Endurmat; hvenær og hvernig

Fá börnin til að meta hvernig lýðræði á sér stað á deildinni í lok maí. Fjórar spurningar settar fram og þau svara með því að teikna svör sín.

Viðmið um árangur

Ef 80% barnanna upplifa að unnið sé á lýðræðislegan hátt á deildinni.

Málörvun

Markmið með umbótum

Með málörvun eflist hljóðkerfisvitundin, málskilningur, orðaforði eykst, framburður verður betri og minni þjálfast

Aðgerðir til umbóta

Lubbi finnur málbein einu sinni í viku, sögustund á hverjum degi ásamt því að hafa málörvunar hóp einu sinni á dag fyrir þau börn sem deildastjóri metur þurfa auka málörvun.

Tímaáætlun

október – maí

Ábyrgðaraðili

Deildastjóri

Endurmat; hvenær og hvernig

Skráning gerð á hverjum degi og á deildafundum er metið hvort búið var að framfylgja því sem sett var fyrir í aðgerðum til umbóta.

Lubbi finnur málbein 1x í viku

Sögustund 5x í viku

Málörvunar hópur 4x í viku

Viðmið um árangur

Skráning tekin saman

• Hlíðarendi

Skólaárið 2017-2018 voru tveir árgangar á Hlíðarenda í fyrsta sinn. Deildin hafði áður eingöngu verið skipuð elstu börnum leikskólans.

Útikennsla/umhverfismennt

Til að byrja með var útikennslan aldursskipt. Öll börn fædd 2013, af þremur deildum, voru saman í útikennslu einu sinni í viku. Einn kennari af hverri deild tók þátt í því starfi. Árgangur 2012 fór í sér ferðir. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel til að byrja með, en þegar líða tók á veturinn féllu margar ferðir niður, þá sérstaklega hjá yngri börnunum. Kom það til vegna faliðunar og veikinda starfsmanna. Ákveðið var að hver deild myndi sjá um sín börn og á Hlíðarenda voru árgangarnir sameinaðir í útikennslu. Eftir að það var gert gekk útikennslan betur og mun færri ferðir féllu niður, en það kom þó fyrir.

Flæði í síðdegishressingu

Þegar börnin koma inn úr útiveru er val og síðdegishressing. Þau byrja á að velja og fara í sitt val. Kennari býður átta börnum að koma að borða á meðan hin eru í leik. Þegar barn er búið að borða gengur það frá eftir sig, býður öðru barni til borðs og fer síðan aftur í sitt val. Þetta hefur reynst vel. Þau þurfa ekki að bíða eftir að önnur börn við borðið klári til að hægt sé að fara í val eða annað starf eins og var áður. Aðeins er borðað við eitt borð og því nægt rými fyrir leikinn á meðan. Matartíminn verður ánægjulegri, afslappaðri og þeim finnst gaman að bjóða til borðs. Við munum halda áfram með þetta fyrirkomulag í síðdegishressingunni.

Umbótapættir

Listasmiðja

Markmið með umbótum

Að efla forvitni, sjálfstraust og sköpunargleði barnanna og ýta undir ímyndunarafl þeirra. Að þau öðlist færni í að nota sköpun til að tjá sig óþvingað, æfa sig og gera tilraunir. Sköpun er mikilvægur þáttur í lífi barnsins, hún byggist á uppgötvun, gagnrýnni hugsun, rannsókn og ótal aðferðum sem sífellt opna nýjar leiðir. Beinist starfið með börnunum fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni og tjáningunni.

Aðgerð til umbóta

Nýta listasmiðjuna í 3-4 sinnum í viku. Skrá hvenær það er gert, hvaða börn eru í listasmiðjunni og hvað er gert. Sjá til þess að öll börn fái tækifæri til að nýta svæðið. Leyfa börnunum að velja sér viðfangsefni.

Tímaáætlun

Nóvember - maí

Ábyrgðaraðili

Allir starfsmenn deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Endurmat fer fram á deildarfundum einu sinni í mánuði. Starfsmenn fara yfir skráningar og sjá þannig hvort viðmið um árangur hafi náðst.

Grænt ef farið er í listasmiðju og börnin unnið verkefni út frá sínum hugmyndum.

Gult ef farið er í listasmiðju.

Rautt ef ekki er farið í listasmiðju.

Viðmið og árangur

Að öll börn fái tækifæri á að nýta listasmiðjuna reglulega.

Ef grænt nær 80% eða meira.

Málörvun út frá niðurstöðum HLJÓM - 2

Markmið með umbótum

HLJÓM-2 er skimun sem lögð er fyrir elstu börn leikskólans til að meta hljóðkerfis- og málvitund þeirra. Niðurstöður úr henni gefa vísbendingar um hvernig börnunum mun ganga að læra að lesa. Mikilvægt er að finna þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.

Aðgerð til umbóta

Skipta börnunum í málörvunarhópa út frá niðurstöðum HLJÓM-2.

Fara ýtarlega í þá þætti sem þau vantar uppá.

Áframhaldandi vinna með hljóðkerfisvitund í barnahópnum.

Vinna markvisst með rím, samstöfur, samsetningu orða, þulur, orð vikunnar, hlustun og o.fl. til að efla hljóðkerfisvitund barna.

Nota ýmis spil og leiki. Nýta öll tækifæri í daglegu starfi og setja orð á athafnir.

Tímaáætlun

Nóvember – maí

Ábyrgðaraðili

Deildarstjóri

Endurmat; hvenær og hvernig

HLJÓM – 2 tekið aftur í febrúar með þeim börnum sem komu ekki nógu vel út í október. Ef þau hafa ekki náð tilætluðum árangri þarf að vinna betur með þau og prófa aftur í maí.

Viðmið um árangur

Að börnin nái meðal- eða góðri færni í öllum þáttum HLJÓM – 2 áður en þau ljúka leikskólagöngu.



- **Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári**

Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?

Á þessu tímabili voru 5 börn með úthlutaðan tíma til sérkennslu/ stuðnings.

Þar af var einn einhverfur drengur í 1. flokki með 8 tíma stuðning daglega og einn einhverfur drengur með 6 tíma stuðning.

Hin börnin fengu úthlutað samkvæmt öðrum flokki og fengu mismunandi mikinn tíma. Þeir sem störfuðu við sérkennsluna á þessu tímabili voru einn sérkennslustjóri og fjórir sérkennarar.

Einn sérkennslustjóri í 100 % starfi, menntaður þroskaþjálfari.

Einn sérkennari í 75 % starfi menntaður leikskólakennari (veikindaleyfi frá byrjun júlí og óljóst hvenær hún kemur til baka).

Einn sérkennari í 100 % starfi, menntaður sálfræðingur með tvær mastersgráður frá desember '17 – ágúst '18.

Einn sérkennari í 62 % vinnu frá janúar '18 en jók starfið í 100 % í maí 2018, nemandi í sálfræðideild H.Í.

Einn sérkennari í 100 % vinnu frá 14. maí '18 menntaður sálfræðingur með BS gráðu.

Allir þessir sérkennarar starfa enn hjá leikskólanum nema einn sem hætti í ágúst.

Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum:

Lögð er áhersla á að grípa sem fyrst inn í þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að hjá barni í leikskólanum. Málörvun fer fram inni á deildum og í öllum eðlilegum aðstæðum. Lögð er áhersla á að starfsmenn deilda gefi sig sérstaklega að þeim börnum sem eiga erfitt með málið, stutta stund á degi hverjum, og rætt er um að setja orð á alla hluti. Einnig eru notaðar myndir/ ljósmyndir til að hafa skilaboðin skýrari fyrir þá sem þess þurfa. Unnið er eftir mismunandi leiðum eftir því um hvað vandamálið snýst. Leitað er til ráðgjafa frá þjónustumiðstöð þegar nauðsyn krefur.

Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu?

Sérkennarar útbúa einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennslustjóra og ráðgjafa frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar.

Námskráin er nýtt til að meta framfarir barnsins og ný markmið eru sett þegar barnið hefur náð þeim markmiðum sem eru í áætluninni. Ef barnið nær ekki markmiðum þá er skoðað hvað gæti valdið því og hvort það þurfi að finna aðrar aðferðir við kennsluna.

Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf:

Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum barna sem njóta sérkennslu.

Sérkennslustjóri og sérkennari barnsins mætir á slíka fundi auk deildarstjóra og stundum kemur leikskólastjóri líka. Sérkennsluráðgjafar frá þjónustumiðstöð eru oftast með á þessum fundum en ekki alltaf.

Það er misjafnt hversu oft þarf að funda út af hverju barni sem nýtur sérkennslu en algengt er að hittast á 6 vikna fresti. Þetta er metið með sérkennsluráðgjöfum og foreldrum.

Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir:

Sérkennslustjóri heldur utan um samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir. Það er mikið samband haft við þjónustumiðstöð. Hingað í Sunnuás koma tveir sérkennsluráðgjafar reglulega eða á ca 6 vikna fresti með hverju barni sem er í sérkennslu. Auk þess koma sálfræðingar til að meta börn og veita ráðgjöf þegar þörf er á.

Varðandi aðrar stofnanir þá er oft haft samband við talmeinafræðinga, sjúkra- og iðjuþjálfva. Heilsugæslustöðvar hafa líka oft samband við okkur og tala þá ýmist við deildarstjóra eða sérkennslustjóra.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur:

Sérkennslustjóri situr fundi með deildarstjórum á hverjum morgni þar sem færi gefst á að fara yfir daginn og fara yfir verkefnastöðu dagsins/ vikunnar. Einnig situr sérkennslustjóri deildarstjórafundum.

Sérkennslustjóri leggur áherslu á að deildarstjórar hafi samband ef áhyggjur vakna varðandi ákveðin börn. Unnið er eftir ákveðnu ferli í samráði við leikskólastjóra og foreldra.

Snemmtæk íhlutun fer eftir vandamálum hverju sinni en algengast er að um sé að ræða málerfiðleika, þroskaskerðingu eða erfiða hegðun. Ráðgjöf og stuðningur fer eftir eðli mála en oft er leitað til sálfræðinga eða sérkennsluráðgjafa.

Sérkennarar fá stuðning og leiðbeiningar frá sérkennslustjóra eins og þurfa þykir og sækja ýmis námskeið.

Dæmi um námskeið eru: Námskeið um atferlisþjálfun og eða skráningarnámskeið hjá Greiningar og ráðgjafarstöð, Pecs námskeið (Sigrún Kristjánsdóttir), námskeið í að nota VB Mapp, námskeið í að nota Aeps listann og Tras listann.

Umbótaþættir út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsár

Það sem við viljum bæta er :

Að sérkennarar mæti á deildarfundum til að upplýsa hvað þeir eru að vinna með barni sem er í sérkennslu og komi með tillögur um hvað deildin geti gert.

Einnig að sá aðili sem vinnur með tvítyngdu börnin hafi samráð og samstarf við deildarstjóra hversrar deildar.

Að sérkennari afhendi deildarstjóra skriflega þau áhersluatriði sem unnið er með, einkum það sem hægt er að yfirfæra yfir í daglegt starf.

Auk þess að deildarstjórar hafi aðgang að sérkennslustjóra þegar þess gerist þörf í daglegu starfi þá fundi hver og einn deildarstjóri x1 í mánuði með sérkennslustjóra. Í ákveðnum tilfellum væri gott að hafa leikskólastjóra með á þeim fundum, einkum ef fjallað er um flókin vandamál.

• Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf

Samfélagið í Sunnuási er fjölmenningsamfélag þar sem öll börnin hafa jú mismunandi bakgrunn hvort sem hann tengist þjóðerni, menningu, eða fjölskyldugerð. Mikilvægt er því að í leikskólastarfinu sé þeim mætt af virðingu þannig að hvert barn upplifi sig á jafnréttisgrundvelli. Unnið er markvisst að því að koma á mótis við þarfir allra barna í leikskólanum eins og frekast er unnt. Reynt er að hafa verkefni og verkefnaval fjölbreytt og að námsleiðir höfði til sem flestra barna. Lögð er áhersla á að öll börn nái sem bestri færni í íslenskri tungu miðað við þroska, með því að hafa málumhverfi leikskólans sem fjölbreytilegast. Lögð er áhersla á mikilvægi góðs foreldrasamstarfs við alla foreldra, að þeir njóti virðingar og að framlag hvers og eins sé mikilvægt fyrir leikskólasamfélagið. Í ágúst 2018 var starfsmaður ráðinn í 50 % starf til að sinna tvítyngdum börnum sérstaklega. Hann fer á milli deilda og vinnur með þeim í litlum hópum í gegnum ýmis verkefni og leik bæði inni á deildum og utan. Auk þess leiðbeinir hann starfsfólki á deildum.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi

Unnið er að því að börnin öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál/heimamál sitt um leið og þau eru studd í því að ná árangri í íslensku. Foreldrar eru hvattir til að nota móðurmál sitt og lesa heima með barninu en í leikskólanum er lögð áhersla á íslenskuna.

Ýmsar aðferðir eru notaðar í þessu samhengi. Tungumál er tengt við daglegt starf og starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að setja orð á alla hluti og athafnir í daglegu starfi í leikskólanum.

Bókin „Lubbi finnur málbein“ er til á öllum deildum leikskólans og er nýtt til málörvunar.

Unnið er í litlum samverustundum þar sem er lesið, leikið og börnin virkjuð í samræðum.

Ritmál er sýnilegt í umhverfi leikskólans og hlutir eru merktir.

Unnið er með Sögugrunn, sögutöskur, loðtöflur, ljósmyndir og fleira.

Börn koma með bók að heiman (bókaormar). Bókin er skoðuð eða lesin með starfsmanni og barninu gefst færi á að sýna hinum börnunum bókina og segja frá.

Heimamenningarverkefni: Börnin skiptast á að fara heim með bangsa/mjúkdýr sem tilheyrir hverri deild. Barnið hefur bangsann/mjúkdýrið heima hjá sér yfir helgina og þegar það kemur til baka í leikskólann segir það börnunum frá hvað þau hafa upplifað saman í máli og myndum.

Starfsmenn nýta sér ýmsar leiðir til að finna út hvar barnið stendur í íslensku máli. Má þar nefna Orðaskil, Tras listann, Ljáðu mér eyra – myndræna orðabók, „Einn leikskóli mörg tungumál“, leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli höf: Kolbrún Vigfúsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir og fleira.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað

Foreldrasamtöl eru einu sinni á hverri önn og oftast ef þurfa þykir.

Túlkabjónusta er nýtt þegar þess gerist þörf. Einnig er símatúlkun nýtt ef upp koma mál sem þarfnast skjótra úrlausna. Starfsfólk nýtir sér orðalista fyrir ýmis tungumál til að styðjast við í daglegum samskiptum. Það kemur fyrir að starfsmenn noti „google translate“ til að ná að koma einföldum skilaboðum til foreldra. Tölvupóstur er mikið notaður og þá er skrifað bæði á íslensku og ensku.

Í daglegum samskiptum við foreldra sem tala litla íslensku eða ensku er notast við ýmsar leiðir til að segja þeim frá hvernig dagurinn hefur gengið og hvað barnið hefur upplifað. Má þar nefna myndrænu orðabókina „Ljáðu mér orð“ myndir í tölvu/l-pad, teikningar, tákn með tali og eða látbragð.

Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Starfspróunarsamtöl fara fram í nóvember 2018 og febrúar 2019.

Símenntun frá síðasta ári

Sérkennslustjóri sótti námskeið í eftirfarandi:

- AEPS Færnimiðað matskerfi: 1. nóv. 2017: kl. 9 – 16 og 2.nóv. 2017: 9 – 16 Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins.
- TRAS- skráning á málproska ungra barna – réttindanámskeið: 7. 11.2017 og 28.11.2017

Sérkennarar sótti námskeið í eftirfarandi:

- Skráning og þjálfun þann 05.10.17 hjá Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins (hálfur dagur)
- Íslenski Málhljóðamælirinn: 20. nóv.2017
- AEPS Færnimiðað matskerfi: 1. nóv. 2017: kl. 9 – 16 og 2.nóv. 2017: 9 – 16 Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins
- TRAS- skráning á málproska ungra barna – réttindanámskeið: 7. 11.2017 og 28.11.2017

Kennarar sóttu námskeið og ráðstefnur

- Einn kennari sótti ráðstefnu í Birmingham „The Education Show“
- Leikskólakennari sótti nýliða trúnaðarmanna námskeið
- Leikskólakennari sótti trúnaðarmanna námskeið
- Leikskólakennari sótti fyrirlestur um opin efnivið – áhersla á skapandi starf
- Einn deildarstjóri ásamt einum sérkennara sóttu námskeið um útikennslu í Eastbourne í Englandi.
- Aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri sóttu námskeið um yngstu börnin í leikskólum, Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarnadóttir Endurmenntun Háskólans. (nóv. '17)
- Aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri og deildarstjóri sóttu ráðstefnuna „ToWe“ sem haldin var í London og fjallaði um yngstu börnin í leikskólum. (apríl '18)
- Í tengslum við ráðstefnuna „Forysta í skóla og frístundasarfi á 21. öld“:
- Kynning fyrir stjórnendum á finnsku leiðinni í Ráðhúsi Reykjavíkur
- Þrír deildarstjórar sóttu fyrirlestra paci Sahlberg og Andy Hargreves.
- Tveir deildarstjórar sóttu námskeiðið „Tvítýngi töfrandi tungumál, annað mál í kennslu“, Roma Chu mac Horbatsch og Gunnhild Tomter Alstad
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu námskeið um streitu og álag, Ingibjörg Jónsdóttir, prófessor við Gautaborgarháskóla.(1.febrúar '18 í Gerðubergi).
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri voru þátttakendur í stjórnendadegi Reykjavíkurborgar. (1.desember '17)

Áætlun um símenntun í leikskólanum 2018-2019

- Leikskólakennarar sækja ráðstefnur og námskeið innanlands og utan eins og kostur gefst.
- Námskeið og fyrirlestra í Jákvæðri sálarfræði – á skipulagsdögum að hausti og vorönn
- Námskeið um notkun á Lubba-námsefni

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

Starfsmannahópurinn stefnir á að fara í námsferð til Berlínar í byrjun maí er nefnd að koma saman dagskrá fyrir ferðina. Í þeirri ferð er fyrirhugað að hafa námskeið og heimsókn í leikskóla.

Foreldrasamvinna

- Í foreldraráði Sunnuáss eru að í það minnsta fimm fulltrúar foreldra barna og leikskólastjóri. Í foreldraráð er kosið að jafnaði í september ár hvert á þar til boðuðum fundi. Foreldraráð leikskólans setur sér starfsreglur í samræmi við leiðbeinandi reglur Skóla og frístundasviðs.
- Foreldrafundir eru haldnir að hausti, í upphafi dags og eru deildarskiptir. Fundirnir eru nýttir til að kynna fyrir foreldrum fyrirkomulag dagskipulags og námskrá vetrarins af viðkomandi deildarstjóra.
- Foreldrasamtöl: foreldrar eru boðaðir í tvö samtöl á hverju skólaári og samstarf haft við þá um fleiri samtöl ef þurfa þykir.
- Foreldrafélag. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og aðalfundur þess er haldinn snemma á haustönn hvers leikskólaárs. Á aðalfundi er kosið í stjórn foreldrafélagsins og reynt eftir fremsta megni að í stjórnina fáið fulltrúar frá öllum deildum leikskólans. Í stjórn félagsins situr jafnframt einn fulltrúi leikskólans. Stjórn foreldrafélagsins skal móta dagskrá komandi leikskólaárs á fyrsta fundi sínum eftir að hún kemur saman. Stjórnin tekur mið af hefðum og viðburðum fyrri ára. Foreldrafélagið hefur á undanförunum árum staðið fyrir ýmsum viðburðum barnanna til handa s.s leiksýningum, jóladansleik, vorferð og ásamt því hefur foreldrafélagið tekið þátt í kostnaði við útskriftaferð elsta árgangs leikskólans. Þátttaka foreldrafélagsins í viðburðum tekur ávallt mið af fjárhagslegri stöðu þess. Í foreldrafélagið er innheimt árgjald sem er valfrjálst.

Samstarf leik- og grunnskóla

Áherslur

Leikskólarnir Sunnuás, Brákarborg, Langholt og Vinagarður standa sameiginlega að samstarfi við Langholtsskóla

Áherslur leik og grunnskóla í samstarfinu eru að niðurstöður um hljóðkerfisvitund sem gerð er í leikskólanum fylgi þeim í grunnskólann. Sömuleiðis að deildarstjóri og kennarar fyrstu bekkja skili niðurstöðum úr skimun L.T.L. til hvers og eins leikskóla um stöðu barnanna á fyrstu mánuðum í grunnskólanum. Þar koma fram veikar og sterkar hliðar hvers barns varðandi fyrrnefnda þætti í undirbúningi lestrarkennslu þess. Þannig getur leikskólinn endurmetið áherslur sínar.

Markmið

- Að skapa öryggi hjá börnunum gagnvart grunnskólanum þegar þau flytjast milli skólastiga.
- Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til með að vera með í grunnskólanum, þ.e. Langholtsskóla.
- Að styrkja samstarf milli kennarar leik- og grunnskóla hverfisins og auka gagnkvæma innsýn í starfsvettvang þeirra.
- Á samstarfsfundi þátttöku leikskólanna var ákveðið að gera þá breytingu að grunnskólastjóri tæki á móti börnunum í fyrstu heimsókn þeirra í Langholtsskóla. Sú heimsókn er áætluð í janúar.
- Á samstarfsfundi þátttöku leikskólanna var ákveðið var að hafa hér eftir samráðsfund að vori. Þar fer fram endurmat samstarfs líðandi skólaárs og samstarf næsta skólaárs skipulagt. Hingað til hefur sá fundur verið haldinn að hausti til.

Leiðir

Áætlun vegna samstarfs Sunnuáss og Langholtsskóla er að mestu í föstum skorðum og er nokkuð keimlík frá síðasta leikskólaári. Má þar meðal annars nefna: Nóvember – föstudaginn 16.nóvember 2018 hittast elstu börn leikskólanna í hverfinu í Langholtsskóla í tilefni Dags íslenskrar tungu. Allir hóparnir verða með atriði og fulltrúi frá Langholtsskóla verður með kynningu um Jónas Hallgrímsson. Desember – Elsta árgangi barna í leikskólum hverfisins er boðið í Langholtsskóla til að horfa á jólaleikrit 6.bekkjar. Janúar – nemendur 1.bekkjar Langholtsskóla ásamt nokkrum nemendum 7.bekkjar skólans koma í heimsókn í sinn gamla leikskóla með boðsbréf til elstu barna leikskólans vegna væntanlegra skólaheimsókna.

Dagsetning	Staður	Verkefni
Mánudagur 15. okt. 2016	Vinagarður Kl. 14:00	Fundur um samstarfið í vetur, farið yfir dagsetningar. Vinagarður kynnir hvað er verið að gera í stærðfræði
Mánudagur 12. nóv.	Langholtsskóli Kl. 14:00	Rýnum í niðurstöður LTH og Hljóm.
Föstudagur 16. nóv.	Langholtsskóli – matsalur Kl. 09.50-10:50	Dagur íslenskra tungu, hátíð í sal skólans Hver leikskóli og 1. bekkur verða með eitt atriði. Hulda með dagskrá um Jónas Hallgrímsson.
Miðvikudagur 19. des.	Langholtsskóli – matsalur	 Leikskólum boðið að koma horfa á jólaleikrit 6. bekkjar. Deildarstjóri/kennarar halda utan um þetta
Þriðjudagur 15. janúar	Sunnuás	Samráðsfundur – undirbúningur fyrir kynningu Sunnuás kynnir eitthvað verkefni sem tekist hefur vel, er skemmtilegt að gera með krökkunum. Alltaf gaman að læra eitthvað nýtt
Þriðjudagur 29. janúar	Langholtsskóli 8:30 í matsal Einn fulltrúi frá hverjum leikskóla	Kynning fyrir verðandi foreldra, farið verður yfir: samstarfið skólastarfið – hvers má vænta markmið: að starta foreldrum
Fimmtudagur 31. janúar	1. bekkur fer í leikskólana með boðskort í skólaheimsóknir	1. bekkur afhendir leikskólahópnum boðskort í grunnskólaheimsókn. 1. bekk boðið að taka þátt í leiks og starfi í leikskólanum. 1. bekkur fer í þá leikskóla sem þau voru á.

23. – 30. jan.	Skólastjóri hittir nemendur og sýnir þeim skólann 10:00 – 11:00	 Hugsanlega kæmu 2 og 2 leikskólar, fer eftir fjölda nemenda.
Í mars (væntanlega)	7.bekkur heimsækir leikskólana	Nemendur koma og lesa fyrir börnin í leikskólunum.
11.feb. – 12. mars 6. mars. öskudagur – engin kennsla. Vetrarleyfi 25. – 26. feb.	Leikskólar heimsækja Langholtsskóla. Frímínútur kl.9.30 Kennslustund kl.9.50-11.00	Leikskólabörnum er skipt niður á kennara og taka börnin þátt í þeirri vinnu sem stendur yfir (í risi, íþróttir eða smiðja).  Tímasetningar ákveðnar í sameiningu
Mánud. og þriðjudagur 8. og 9. apríl	Langholtsskóli Kl. 14:00 – 16:00	Vorskóli  Nemendur sem koma í Langholtsskóla.
Fimmtudagur 9. maí	Skreyta tré 10.10-10:50 Skrautið hangir uppi í ca. 10 daga	Fá leyfi: Brákaborg  Taka niður skraut: hver skóli hreinsar eftir sig. Lög Vorið er komið Með sól í hjarta
Föstudagur 17. maí Bara hægt að nota föstudaga vegna frímínútna á miðstigi	Skólalóð Langholtsskóla Kl. 9:20	 Leikjadagur: Kl.9:30-9:50. Allir saman í frímínútum. Kl. 10:00-11:00. Hittumst á pöllunum úti. Stöðvavinna. Börnum skipt upp í blandaða hópa og gera mismunandi verkefni á hverri stöð. Skipuleggjendur: Langholtsskóli og Brákarborg
Mánudagur 3. júní	Langholt	Endurmat Áætlun 2019 – 2020 Langholt kynnir eitthvað verkefni sem tekist hefur vel, er skemmtilegt að gera með börnunum. Alltaf gaman að læra eitthvað nýtt

Nýjungar

- Ákveðið var að skólastjóri myndi taka á móti börnunum í fyrstu heimsókn þeirra í Langholtsskóla. Sú heimsókn er áætluð í janúar.
- Ákveðið var að hafa samráðsfund að vori. Þar fer fram endurmat samstarfs líðandi skólaárs og samstarf næsta skólaár skipulagt. Hingað til hefur hann verið haldinn að hausti.
- Í janúar verður kynning í Langholtsskóla fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu að hausti 2019. Þar verður fulltrúi frá hverjum leikskóla.
- Langholtsskóli tekur þátt í Þróunarverkefni sem fjallar um hvernig hægt væri að fyrirbyggja brottfall nemenda úr framhaldsskólum og ber það yfirskriftina „Reception project“. <https://receptionproject.eu/> Leikskólinn Sunnuás tekur þátt í þessu verkefni og sóttu deildarstjóri elstu deildarinnar og aðstoðarleikskólastjóri ráðstefnu sem haldin var í Króatíu í byrjun október sl. Einnig sóttu ráðstefnuna fulltrúar frá þremur öðrum leikskólum hverfisins og frá Noregi, Danmörku, Írlandi, Englandi og Króatíu.

• Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar leikskólans fyrir skólaárið 2018 -2019 eru eftirfarandi

- 22.ágúst – Unnið að áætlun vetrarins, loka undirbúningur að flutningi barna milli deilda
- 22.október (síðasti dagur í vetrarfríi grunnskóla) Námskeið um Jákvæða sálarfræði, fræðsla og verklegar æfingar, Ingrid Kulman. Unnið að námsefni vetrarins.
- 19. nóvember, sameiginlegur leik og grunnskóla. Undirbúningur jólaverkstæðis leikskólans öðrum þáttum desembermánaðar. Unnið að mati haustmánaða.
- 22.mars 2019 sameiginlegur leik og grunnskóla. Unnið að mati vetrarstarfs og áætlunargerð næsta skólaárs.
- Fyrirhuguð er námsferð Sunnuáss 2. og 3. maí til Berlínar, þar sem starfsfólk ætlar að kynna sér umhverfismennt (útikennslu ofl.). Dagskrá er í vinnslu. Áætlað er að nýta tvo skipulagsdaga í ferðina.



Leikskóladagatal.

Leikóladagatal 2018-2019

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 M	1 F	1 L	1 L	1 D	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 S	2 D	2 F	2 S	2 S	2 M	2 L	2 L	2 D	2 F	2 S	2 D
3 M	3 M	3 L	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 D	4 F	4 S	4 S	4 D	4 F	4 M	4 M	4 F	4 L	4 D	4 F
5 M	5 F	5 M	5 M	5 M	5 L	5 D	5 D	5 F	5 S	5 M	5 F
6 F	6 L	6 D	6 F	6 F	6 S	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 F	7 S	7 M	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 D	7 F	7 S
8 L	8 M	8 L	8 F	8 L	8 D	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 S	9 D	9 M	9 S	9 S	9 M	9 L	9 L	9 D	9 F	9 S	9 D
10 M	10 M	10 L	10 M	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 M	10 M	10 M
11 D	11 F	11 S	11 S	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L	11 L	11 D	11 F
12 M	12 D	12 M	12 M	12 L	12 L	12 D	12 D	12 S	12 S	12 M	12 F
13 F	13 L	13 D	13 F	13 S	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 F	14 M	14 M	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 D	14 D	14 F	14 S
15 L	15 M	15 F	15 L	15 D	15 D	15 F	15 M	15 M	15 M	15 L	15 M
16 S	16 D	16 M	16 S	16 S	16 M	16 L	16 L	16 D	16 F	16 D	16 M
17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 D	18 F	18 S	18 S	18 D	18 F	18 M	18 M	18 L	18 L	18 D	18 F
19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 L	19 D	19 D	19 S	19 S	19 M	19 F
20 F	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 F	21 S	21 M	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 M	21 M	21 D	21 S
22 L	22 M	22 L	22 F	22 L	22 D	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 S	23 D	23 M	23 S	23 S	23 M	23 L	23 L	23 D	23 F	23 S	23 D
24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 M	24 S	24 S	24 M	24 M	24 D	24 M
25 D	25 F	25 M	25 S	25 D	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 D	25 F
26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 D	26 F	26 F	26 M	26 M	26 S	26 F
27 F	27 L	27 M	27 F	27 S	27 M	27 L	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 F	28 S	28 M	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 M	28 M	28 D	28 S
29 L	29 M	29 F	29 L	29 D	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 L	29 M
30 S	30 D	30 M	30 S	30 S	30 M	30 L	30 L	30 D	30 F	30 S	30 D
31 M	31 M	31 L	31 M	31 F	31 F	31 S	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M

- **Fylgigögn**



wop7859.tmpMicrosoft_Excel_97-2003_Worksheet.xls



wop78D7.tmpMicrosoft_Word_Document.docx

Umsögn foreldraráðs



Umsögn-Foreldrará
ðs.2018.pdf



Umsögn foreldraráðs um skólanámskrá leikskólans

Leikskóli: Sunnuás

Samræmast áherslur skólanámskrár starfi leikskólans?

Skólanámskrá Sunnuás samræmist í öllum meginatriðum starfi leikskólans. Námskráin gerir því metnaðurfyllu starfi sem á Sunnuási er unnið vel skil, en einnig eru þar útlistuð skref til umbóta frá seinasta skólaári. Lýsir foreldraráð yfir sérstakri ánægju með þá áætlun að nýta eigi niðurstöður úr HLIÓM-2 prófinu til stuðnings fyrir málörvunhópa.

Þau frávika sem urðu frá námskrá á seinasta skólaári urðu vegna faliðunar starfsfólks, og hefur foreldraráð áhyggjur af því að sú saga gæti endurtekið sig í ár.

Er skólanámskrá aðgengileg og auðlesanleg?

Foreldraráð gerir engar athugasemdir.

Er skólanámskráin góð kynning fyrir foreldra?

Skólanámskráin er góð kynning fyrir foreldra. Einnig þarf að tryggja að skóladagatali sé haldið uppfærðu miðað við starfsemi leikskólans og það gert foreldrum aðgengilegt tímanlega.

Eru einhverjar athugasemdir við skólanámskrána?

Foreldraráð vill gera minniháttar athugasemd við samskipti leikskólans við foreldraráð. Dregist hefur að kjósa í foreldraráð, sem að jafnaði á að gerast í september ár hvert. Einnig hefur foreldraráði borist áætlanir seint og það þurft að vinna umsagnir um skólastarf með skömmum fyrirvara. Samskipti hafa þó verið jákvæð, en koma þarf þeim í fastari skorður.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Sigurður Agir Jónsson
Sigrún Þorsteinsdóttir

F. h. leikskólans Sunnuás

Ólöf Helga Pálmadóttir 31.október 2018

Leikskólastjóri

Dagsetning



Undirskrift.Leikskstj
..pdf